



Setningarhlutar

Frumlag (frl.)

- Fallorð, oftast í nefnifalli en það er ekki skilyrði.
- Það framkvæmir, finnur til eða upplifir það sem sögnin felur í sér.
- Stendur fremst í sjálfgefinni orðaröð.
 - **Guðrún** (nf) fór í bæinn.
 - **Hana** (þf.) langar í nýjan kjól fyrir útskriftina.
- Í já/nei-spurningum lendir frl. á eftir sögn -> **frumlagspróf**
 - Fór **Guðrún** í bæinn?
 - Langar **hana** í nýjan kjól fyrir útskriftina.
- Getur verið samsett.
 - **Jón og Gunna** eru hjón.

Frumlag (frl)

- Getur tekið með sér fylliliði s.s. FL eða einkunn
 - **Strákurinn í rauðu peysunni** er frændi minn. Frl. með FL.
 - **Gamli karlinn** heitir Jón Sveinsson. Frl. með einkunn
- Er samofið sögninni í boðhætti.
 - Farðu að sofa.
- Í frumlagslausum setningum er oft notað gervifrumlag, líka kallað **leppur**.
 - Það hverfur gjarnan í íslensku ef fullyrðingu er breytt í spurningu.
 - Fullyrðing: **Það** snjóar. **Það** er mús í körfunni.
 - Spurning: Snjóar? Er mús í körfunni?
 - **Ógild setning**: Snjóar það? Er það mús í körfunni?

Umsögn (us.)

- Er nær alltaf í öðru sæti í germynd.
 - Gamla konan (1) **hleypti** (2) kettinum (3) út (4).
- Er fremst í setningunni í já/nei-spurningum.
 - **Ætlar** þú í bíó í kvöld?
- Getur verið samsett og þá er hjálparsögnin í persónuhætti og aðalsögnin í fallhætti.
 - Gamla konan **hefur hleypt** kettinum út alla morgna í sumar.

Andlag (andl.)

- Er fallorð en getur líka verið setning.
 - Krakkarnir luku **hlaupinu**.
 - Hún spurði [**hvort ég væri glímumaður**].
- Stendur með áhrifssögn eða forsetningu sem stýrir fallinu á því.
 - Jón fór í **bæinn** (andl fs) og keypti **sér** (andl so) **ís** (andl so).
- Sumar áhrifssagnir taka með sér tvö andlög.
 - Stelpan gaf **stráknum** (þgf.) **kettling** (þf.).
- Stendur á eftir sögn í sjálfgefinni orðaröð.
 - Stundum er samt AL á milli: Jón keypti oft (AL) **ís** (andl).

Andlag (andl.)

- Er næstum alltaf í aukafalli (þf., þgf. eða ef.).
 - Jóna borðar **brauð**.
 - Siggi keypti **bíl**.
- Ef frumlag er í þgf. getur andl. verið í nf.
 - Mér (þgf) finnst **fiskur** (nf) góður.
 - Honum (þgf) leiðast **væmnar myndir** (nf).
- Getur tekið með sér fyllilið t.d. FL eða einkunn.
 - Jóna borðar **brauð með osti**. Andl. með FL.
 - Siggi keypti **þennan, fallega, rauða bíl**. Andl. m. 3 eink.


Sagnfylling (sf.)

- Fallorð sem stendur með áhrifslausri sögn.
 - Eru þ.a.l. í nefnifalli
 - Stelpan heitir **Jóna** (nf.).
 - Þetta er **góð hljómsveit** (nf.)
 - Maturinn var **góður** (nf).

Einkunn (eink.)

- Er fallorð sem stendur með nafnorði og skilgreinir það með einhverjum hætti (ákvæðisorð).
- Stendur yfirleitt á undan nafnorðinu sem það á við og sambeygist því, þ.e. í sama kyni, tölu og falli.
 - Sástu **þessa** (áfn) **þrjá** (to) **stóru** (lo) stráka?
- Skiptist í hliðstæða einkunn og eignarfallseinkunn.
 - Hliðstæð einkunn: **Báðir** (ófn), **þessir** (áfn), **gömlu** (lo) menn
 - Eignarfallseinkunn: Bíllinn **hans** (pfn) **Jóns** (no)

Forsetningarliður (FL)



- Forsetning ásamt orðinu/orðunum sem hún stýrir falli á
 - Þessi bók er **um fugla**. (1 FL = fs+no)
 - Ég fékk hana **frá vini mínum**. (1 FL = fs.+no.efn.)
 - Hún var send **til mín** – **í pósti**. (2 FL)




Atviksliður

- Myndaður af einu eða fleiri atviksorðum.
 - Amma hefur **alltaf** tekið lýsi.
 - Drottningin liggur **þarna**.
 - Kórinn söng **hrikalega illa**.
 - Kjóllinn var **hræðilega** ljótur.

Tengiliður

- Í setningafræði kallast samtengingar tengiliðir.
- Getur bæði verið einyrt og fleiryrt samtenging.
 - Jón **og** Gunna eru hjón.
 - Ég kem **þegar** ég er búin í skólanum.
 - Þú ert alveg **eins og** pabbi þinn.
 - Hann hlær **af því að** hann er glaður.

Ítarefni



- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. 2001. *Málfinnur. Lítil málfræðibók*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Sjá líka lista yfir gagnlegar vefsíður bls. 6 í þessu hefti.

